

BORGARRÁÐ 21. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um stýribúnað umferðarljósa og úrskurð kærunefndar útboðsmála í máli nr. 32/2019 - R19100308

Á fundi borgarstjórnar boðaði ég að ég myndi leggja fram ítarlegan spurningalista vegna umferðarljósastýringarmála í Reykjavík. Þær eru hér fram lagðar og óskað er eftir að þeim verði svarað innan þess frests sem samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar leyfa.

1. Hvers vegna fór Reykjavíkurborg í innkaup á MSU - miðlægri stýritölvu umferðar - svo stuttu fyrir undirritun samgöngusáttmálans og í að auglýsa rammasamning 14356 degi fyrir staðfestingu borgarinnar á sáttmálanum? a. Er það eðlilegt að strax í kjölfarið að fara í útboð á rammasamning upp á fleiri hundruð milljóna sem skilyrt voru þessari sömu stjórnölvu? b. Stendur borgarstjóri við þessa ákvörðun og telur hann að hún hafi verið rétt og réttmæt? 2. Í ljósi úrskurðar kærunefndar útboðsmála í máli nr. 32/2019 er þá Reykjavíkurborg stætt á að skilyrða frekari innkaup á umferðarstýringum þegar MSU stjórnölvun var keypt með ólöglegum hætti? 3. Liggur fyrir samningur milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar í ljósastýringarmálum þar sem framkvæmdir, kostnaður og ábyrgð er sundurliðuð. a. Ef ekki – hvers vegna? b. Hvernig hefur þessu verið háttáð og hver ákveður hver hlutur Reykjavíkur, Vegagerðar og annara sveitafélaga er? c. Ef upp kemur ágreiningur, hvernig er hann leystur? 4. Hver er heildarkostnaður á búnaði, forritun á forgangskerfi Strætó og öryggisaðila? Þar með talið búnaður sem staðsettur er í forgangsbifreiðar. a. Var farið í útboð á því á einhverjum tímapunkti? b. Ef ekki – hvers vegna? c. Hvað eru mörg gatnamót með forgangsstýringu og hver er áætlaður kostnaður á hver gatnamót? 5. Hvað hefur Reykjavíkurborg notað mikla fjármuni til umferðarstýringa frá árinu 2000 sundurgreint eftir árum? a. Umferðarstýringar b. Forgangskerfi c. Annar umferðarbúnaður d. Kaup á þjónustu og annar kostnaður vegna viðhalds og starfrækslu búnaðarins í liðum a-d. e. Hvaða fyrirtæki hafa fengið þessi viðskipti? 6. Er það rétt að útboðið árið 2019 var fyrsta útboðið á vörum og þjónustu vegna umferðarstýringar frá árinu 2005? a. Er það rétt að samningar sem gerðir voru í kjölfar útboðsins 2005 hafi runnið út 2010? b. Hver er skýringin á því að kaup voru gerð án útboðs eftir 2010? 7. Hverjar verða ráðstafanir meirihlutans til að koma í veg fyrir að borgin fái á sig fleiri stjórnvaldssektir sambærilegri og í úrskurði 32/2019. 8. Hvar liggur ábyrgðin í þessu tilfalli? 9. Hvernig sér meirihluti borgarstjórnar fyrir sér að skipulag og framkvæmd í umferðarstýringum verði háttáð í framtíðinni og hvernig ætlar borgin að sjá til að þess að samkeppnislögum verði framfylgt í þessum málaflokki?